

Reykjavík 21. desember 2001.

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. Hildar Njarðvík

**Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga nr. 58/1992, sem lagt var fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000-2001.**

Undirritaðar vilja biðjast afsökunar á þeim drætti sem orðið hefur á umsögninni, en umsögn þessi er gerð fyrir hönd Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Undirritaðar vilja lýsa yfir ánægju með frumvarpið í heild sinni og uppsetningu þess. Efnisleg uppbygging er til fyrirmyndar og ljóst að sú nefnd sem vann að frumvarpinu hefur lagt mikla vinnu í verkið og undirbúningsvinna hennar til fyrirmyndar.

Ljóst er að ýmiskonar breytingar hafa verið gerðar á einstökum lagagreinum og aðrar eru nýjar í fyrrgreindu frumvarpi. Að mati undirritaðrar er sumt mjög til bóta í barnaverndarstarfi og eykur að réttaróvissu sem hefur verið ríkjandi í sumum tilfellum.

Umfjöllun undirritaðara um fyrrgreint frumvarp um verða þannig háttá að fyrir verða teknar einstakar greinar frumvarpsins eftir númeraröð.

Fyrsta athugasemdin varðar 7. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að Barnaverndarstofa eigi að hafa með yfirumsjón með rekstri og stofnun heimila og stofnana fyrir börn sem ríki ber að sjá til að séu tiltæk. Ennfremur á Barnaverndarstofa að hafa eftirlit með slíkum úrræðum. Það er mat okkar að Barnaverndarstofa hafa þarna á höndum tvennskonar hlutverk sem geti stangast á og valdið hagsmunaárekstrum. Það er ekki ljóst hvert hægt er senda kærur er ágreiningur kemur upp er varðar starfssemi þessara heimila. Það er að okkar mati ekki eðlilegt að sá aðili sem rekur meðferðarstofnun taki á móti og rannsaki máli varðandi starfsemi þeirra stofnana sem hún hefur umsjón með.

Hvað varðar 9. gr. frumvarpsins viljum við lýsa yfir ánægju okkar með þá lagagrein, sem að okkar mati var mjög þörf og gæti gert barnaverndarstarf í landinu skilvirkara, faglegra og árangursríkara.

Í 14. gr. kemur fram að barnaverndarnefndir eigi að ráða sérhæft starfslið eða aflu sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti. Viljum við lýsa yfir stuðning og ánægju með þessa breytingu, sem að okkar mati tryggir aðilum barnaverndarmála

betri og faglegri vinnubrögð við vinnslu mála. Undirritaðar vilja sérstaklega benda á að félagsráðgjafar hafa í námi sínu verið sérstaklega undirbúnir undir það að sinna þessum störfum auk þess sem nú hefur verið sérstakt nám á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands til þess að undirbúa starfsmenn til að sinna barnaverndarmálum.

17. gr. frumv. felur í sér tilkynningarskyldu þeirra er vinna með börnum. Viljum við koma því á framfæri að æskilegt sé að opinberir aðilar tilkynni skriflega til barnaverndaryfirvalda.

Í 21. gr. frumvarpsins er fjallað um málsmeðferð tilkynninga og hvenær hefst barnaverndarmál. Í þessari grein frumvarpsins koma fram ýmiskonar veigamiklar breytingar á málsmeðferð, sem að okkar mati eru mjög til bóta. Ber þar fyrsta að nefna tímafresti, afskipti af ófæddum börnum, svo og hvenær mál er orðið að barnaverndarmáli. Teljum við þessar tillögur í lagagreininni bæta réttarstöðu barna og foreldra til hins betra. En í þessu sambandi má einnig nefna 30. grein frumvarpsins varðandi þungaðar konur og lýsum við yfir ánægju okkar með þá tillögu.

Í lagagreinum er fjallað um að 15. ára barn sé aðili máls. Efasemdir hafa komið upp hjá undirrituðum um það hvort leggja eigi þá ábyrgð á börn að taka afstöðu til máls er það varðar það sjálft, en í sumum tilvikum getur barnið skort þann þroska að það geti tekið ábyrga afstöðu. Einnig geta utanaðkomandi aðstæður gert það að verkum að erfitt er fyrir barnið að taka afstöðu í máli er varðar það sjálft. Einnig veltum við því fyrir okkur hvort þessi staða, þ.e. að barn sé aðili máls geti ekki flækt vinnslu máls og dregið á langinn að barn fái viðeigandi aðstoð.

Það vekur athygli í 24. gr. frumvarpsins að aðeins annað foreldri þar sem barn býr geti samþykkt úrræði í málefnum fjölskyldunnar þar sem um sameiginlega forsjá er að ræða. Sú spurning vaknar hvort þetta ákvæði stangist ekki á við ákvæði barnalaga um að foreldrar með sameiginlega forsjá eigi að taka sameiginlega veigamiklar ákvarðanir er snerta börn þeirra.

Í 27. gr. frumv. kemur fram að barnaverndarnefndir geti ákveðið töku barns af heimili í allt að tvo mánuði. Veltum við því fyrir okkur hvort þetta sé ekki of stuttur tími til meta og sjá einhvern árangur af rannsókn eða vistun barns utan heimilis. Getum við séð fyrir okkur að barnaverndarnefndir geti ákveðið að barn dvelji utan heimilis allt að 6 mánuði, en lengri vistanir leggist fyrir héraðsdóm eins og fram kemur í 28. gr. frumvarpsins.


Hvað varðar 28. gr. frumv. má segja að efni hennar sé að mati okkar mikil réttarbót fyrir málsaðila alla, en hér er um að ræða það íþyngjandi ákvarðanir um líf barna og foreldra þeirra. Við erum sammála þeirri tillögu að forsjársviptingar fari fyrir dómstóla, en sú leið gæti stytta þann tíma sem málin geta verið til meðferðar þar til endanleg niðurstaða kemur í einstöku máli. En í dag geta barnaverndarnefndir, barnaverndarráð og dómstólar fjalla um og verið með til meðferðar einstök mál í mjög langan tíma.


Í 36. gr. kemur fram að Barnaverndarstofa fengið upplýsingar úr sakaskrá og afrit dóma. Geta þessar upplýsingar verið nauðsynlegar við vinnslu máls, en mikilvægt er að fara varlega með allar slíkar upplýsingar en þær eru mjög viðkvæmar.

Í 8. kafla frumvarpsins er fjallað um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndar. Þær tillögur að lagagreinum og breytingum sem þar koma fram eru að mati undirritaðra til fyrirmyndar og ekki ástæða til frekari umfjöllunar, en að málshraði hefur aukist og er það til bóta.

Undirritaðar telja þetta vera megin atriðin sem leggja beri áherslu á í umræðu um frumvarpið og hugsanlegar breytingar á gildandi barnaverndarlögum.

Virðingarfyllst.  
f.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

  
Dóra Júlíusson,  
félagsráðgjafi.

  
Guðrún Hrefna Sverrisdóttir  
félagsráðgjafi.